



Elisabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi
101 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymis skóla- og frístundasviðs um tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni - R20050131

JLM teymið fagnar því að fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna sýni frumkvæði að því að kalla eftir jafnréttisfræðslu við hæfi fyrir öll börn og ungmenni í grunnskólum borgarinnar. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að jafnrétti sé ein af grunnstoðum menntunar og eiga öll börn og ungmenni að fá fræðslu um jafnréttismál. Þar er þó ekki að finna skýr markmið og enginn ábyrgðaraðili er til staðar sem á að tryggja það að jafnréttisfræðslu sé sinnt í skólakerfinu. Fyrir vikið má teljast líklegt að misjafnt sé á milli skóla hversu mikla og hversu markvissa jafnréttisfræðslu nemendur fá. Mikill skortur er á markvissu námsefni í kynjafræði eða jafnréttisfræðum almennt og óljóst er undir hvaða námsgrein fræðslan ætti helst að falla eða hversu miklum tíma skal varið í hana. Kennarar fá almennt lítinn undirbúning undir fræðslu í jafnréttismálum í sínu eigin námi en þó geta kennarar sótt sér endurmenntun í kynjafræði m.a. á námskeiðum á vegum Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Til að tryggja stöðuga og markvissa jafnréttisfræðslu fyrir alla nemendur þá þarf gott samstarf að vera á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntamálastofnunar og sveitarfélaganna.

Á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2020 var samþykkt að stofna starfshóp um kynja- og hinsegin fræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að helstu verkefni hans eru m.a. að:

- Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því
- Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu
- Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum
- Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglinga

Ljóst er að eftir kortlagningu starfshópsins mun staða jafnréttisfræðslu í skóla- og

frístundastarfi Reykjavíkurborgar vera skýrari. Starfshópurinn er að störfum um þessar mundir og mun að vinnu sinni lokinni skila skýrslu til skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Lagt er til að jafnréttisfræðsla við hæfi fyrir öll börn og ungmenni borgarinnar verði skoðuð út frá niðurstöðum starfshópsins og næstu skref ákveðin í framhaldi af því.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs